

SAMANTEKT Á ÚTGJALDALIÐUM OG TEKJULIÐUM ÚR LANDSFUNDARÁLYKTUNUM SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS 2011

Aðfararorð:

Þessi samantekt er tekin úr landsfundarályktunum Sjálfstæðisflokksins árið 2011. Samantektin skiptist í þrjú flokka: Loforð, Aukin útgjöld, Lægri útgjöld. Undir flokknum 'loforð' er tekið saman þar sem lofað er að afnema skatta og gjöld. Undir flokknum 'aukin útgjöld' er tekið saman það sem túlka mátti sem svo að hafi í för með sér aukin opinber útgjöld til lengri eða skemmri tíma. Undir flokknum 'Lægri útgjöld' er tekið saman það sem gæti verið til hagræðingar eða með einhverjum hætti aukið tekjur ríkisins.

Hér er ekki lagt mat á hvort það ætti eða ætti ekki að framkvæma það sem fram kemur í landsfundarályktunum Sjálfstæðisflokksins. Heldur aðeins bent á hvort þessar aðgerðir séu til þess fallnar að auka eða minnka ráðstöfunarfé ríkissjóðs. Þannig er tilgangurinn að sjá hvort samræmi sé milli þessara þátta með hliðsjón af loforðum um lægri skatta og gjöld. Mun það ganga upp að bæta við öllum þessum útgjaldaliðum á sama tíma og svo lítið er skorið niður og jafnframt standa við þau loforð að lækka alla þessa skatta og gjöld? Við látum þér lesandi góður það eftir að svara því.

Einnig ber að nefna að sumir liðir eru tvíteknir eða í mótsögn við aðra liði. Það er vegna þess að þannig er það í landsfundarályktunum.

LOFORÐ:

	Stutta útgáfan	Tilvitnun
1	Engar þjóðnýtingar eða skattahækkanir	Yfirlýsingar ráðherra um þjóðnýtingar og stórfelldar skattahækkanir ber að fordæma.
2	Lækka skatta	Með því að lækka skatta og einfalda skattkerfið mun þjóðin vinna sig hraðar út úr efnahagsvandanut. Jafnframt er líklegra að ábatinn verði varanlegri og leiði til þess að lífskjör verði eins og best gerist annars staðar.
3	Afnema tolla, vörugjöld og aðflutningsgjöld	Mikilvægt er að tollar verði afnumdir, vörugjöld og aðflutningsgjöld endurskoðuð, þar með talið af landbúnaðarvörum, með það að markmiði að lækka vöruverð og örva verslun í landinu.
4	Afnema neyslustýringarskatta	Mikilvægt neytendamál er að skattar sem ætlaðir eru til neyslustýringar séu afnumdir enda er þar um að ræða óþarfa forræðishyggju.
5	Takmarka opinber útgjöld við hluta úr landsframleiðslu	Innleidd verði fjármálaregla sem hemji útgjöld hins opinbera. Hið opinbera skuli aldrei vera með meiri útgjöld en sem nemur ákveðnu hlutfalli af landsframleiðslu.
6	Meiri einkarekstur almennt	Samkeppni skal aukin í opinberum rekstri og skal hið opinbera í auknum mæli kaupa þjónustu á almennum markaði.
7	Meiri einkarekstur í skólakerfi og heilbrigðisgeira	Auka ber einkarekstur í skólakerfinu og heilbrigðisgeiranum.
8	Hallalaus ríkisrekstur	Ríki og sveitarfélög verði rekin án halla.
9	Greiða niður skuldir hins opinbera	Skuldir hins opinbera verði greiddar niður. Það er skylda núlifandi kynslóða að standa sjálfar undir eigin eyðslu en senda ekki reikninginn inn í framtíðina.
10	Jafna skuldastöðu við útlönd innan og heildarskuldir innann við 35% á innan við 15 árum.	Unnið verði markvisst að því að hrein skuldastaða hins opinbera við útlönd verði orðin jákvæð innan 15 ára. Þá skulu heildarskuldir hins opinbera verða innan við 35% af landsframleiðslu innan 15 ára.
11	Stytta grunn og framhaldsskólanám	Skoða skal kosti þess að stytta grunn- og framhaldsskólanám, þannig að það verði styttra í árum talið og tíminn nýttur betur.

12	Rannsóknir fyrir atvinnulíf greiddar af atvinnulífi	Eftirlits- og rannsóknarstofnanir atvinnulífs skulu greiddar af atvinnulífinu sjálfu.
13	Lækka virðisaukaskatt	Lækka skal virðisaukaskattsprósentu á hærra skattþrepið.
14	Afnema lágmarksútsvar	Afnema skal lágmarksútsvar.
15	Draga til baka ýmsar skattahækkunar undanfarið	Snúa þarf við þeirri óheillaþróun sem birst hefur í hækkun skatta og gjalda á atvinnulífið og einstaklinga. Má þar nefna tryggingagjald, breytingar á skattheimtu arðs til eigenda fyrirtækja, fjármagnstekjuskatt, ýmsa skatta á eldsneyti, bankaskatt og sk. afdráttarskatt á vexti úr landi.
16	Afnema eignarskatta	Afnema ber eignarskatta,
17	Afnema auðlegðarskatta	auðlegðarskattur leiðir til fjármagnsflóttu og dregur úr hvata til fjárfestingar í atvinnulífinu
18	Afnema skatta á fjármagnstekjur erlendra aðila	Afnema skal sérstaka skatta á fjármagnstekjur erlendra aðila þar sem þeir hamla fjárfestingum útlendinga
19	Lækka fjármagnstekjuskatt	Fjármagnstekjuskattur verði lækkaður í fyrra horf.
20	Lækka innflutningsgjöld	Innflutningsgjöld verði lækkuð til að örvaverslun og iðnað i landinu
21	Afnema útvarpsgjald	Útvarpsgjald skal felld niður.
22	Lækka alla skatta í flatan skatt	Stefnt skal að því til framtíðar að flatur skattur verði að hámarki 15% á tekjur einstaklinga og á fjármagnstekjur
23	Fella niður stimpilgjöld og gjaldtöku vegna húsnæðiskaupa.	Skattastefnu ríkisins og gjaldtöku sveitarfélaga vegna kaupa og byggingar eigin húsnæðis verður að stilla í hof og fella á niður stimpilgjald vegna fasteignaviðskipta.
24	Lækka skatta og gjöld til leigusala	hóflega skatt- og gjaldtöku á leigusala.
25	Setja þak á skuldsetningu og útgjöld ríkisins	Sveitarfélög hafa sett sér fjármálareglur sem takmarka útgjaldavöxt og skuldsetningu milli ára og er það vel. Nauðsynlegt er að ríkið setji einnig reglur sem koma í veg fyrir þenslu ríkisins með tilheyrandi aukinni skattheimtu og skuldaföfnun
26	Afnema nefskatt RÚV	Nefskattur RÚV verði lagður niður og RÚV selji aðgang að sínu efni eins og aðrar stöðvar og geti einnig haft tekjur af auglýsingum.
27	Afnema einhverja tolla	Taka ber íslenska tollalöggjöf til gagn Gerrar endurskoðunar með það fyrir augum að afnema viðskiptahindranir.
28	Sækja skaðabætur til Breta vegna hryðjuverkalaga	Sjálfstæðisflokkurinn telur að Íslendingar eigi að kanna grundvöll til að sækja rétt sinn gagnvart Bretum vegna beitingar hryðjuverkalaganna haustið 2008

AUKIN ÚTGJÖLD:

	Stutta útgáfan	Tilvitnun
1	Meira kynningar og markaðsstarf til að laða að erlenda fjárfestingu	Landsfundur Sjálfstæðisflokksins ályktar því að efla beri kynningar og markaðsstarf tengt beinni erlendri fjárfestingu og setja málaflöknum stefnu og umgjörð með það að markmiði að laða til landsins fjölbreyttan atvinnurekstur og skapa ný og verðmæt störf til endurreisnar íslensks atvinnulífs.
2	Allskonar sérlausnir fyrir bændur	Sjálfstæðisflokkurinn hvetur til að gerð verði heildstæð dreifbýlisþróunarstefna og á grundvelli hennar verði gerður heildstæður samningur við bændur til að stuðla að öflugum atvinnulífi í sveitum landsins. Með samningnum verði lögð áhersla á hagkvæman fjölskyldubúskap, verndun líffræðilegs fjölbreytileika, vistvæna framleiðsluhætti og ábyrga nýtingu á landi. Samningurinn hvetji til aukinnar hagkvæmni, samkeppni og verðmætasköpunar í landbúnaði og matvælaíðnaði. Samningurinn standi vörð um samkeppnisstöðu íslensks landbúnaðar gagnvart innfluttum landbúnaðarvörum, auk þess sem hann tryggi fæðu- og matvælaöryggi þjóðarinnar til framtíðar og að sóknarfæri á erlendum mörkuðum verði nýtt.
3	Fleiri rannsóknir fyrir landbúnað	Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á öfluga menntun og hagnýtar rannsóknir og vill þannig stuðla að auknum framförum í landbúnaði.
4	Hraða uppbyggingu nýsköpunarfyrirtækja með opinberum styrkjum	Skoða þarf hvaða leiðir eru árangursríkastar til að hlúa að nýsköpun og hraða uppbyggingu nýrra fyrirtækja. Mikilvægt er að opinberum styrkjum til nýsköpunar sé beint til framkvæmda en frá skýrslugerð og stjórnarlausnum. Umsóknarferlið þarf að vera einfalt, efla þarf samvinnu milli ólíkra stétta og ferlið má ekki taka of mikið mið af háskólaumhverfinu.
5	Meira fyrir orkuíðnaðinn	Stjórnvöld skulu stuðla að því að íslenskt hugvit og sérþekking tengd orkuframleiðslu fái notið sín til fulls.
6	Neyslustýra í átt að rafbílavæðingu	Hið opinbera skal stuðla að því að aðstæður verði sem hagstæðastar til að rafvæða samgöngutæki landsins í þeim tilgangi að nýta innlenda græna orku.
7	Meiri merkantilisma	Leita þarf allra leiða til að efla íslenskan framleiðsluáætlun sem er bæði gjaldeyrissparandi og gjaldeyrisaflandi.
8	Ríkið stuðli að auknum fjarskiptum við útlönd	Stuðla skal að öflugum og arðbærum fjarskiptatengingum við útlönd, m.a. til að stuðla að frekari uppbyggingu gagnavera.
9	Fleiri rannsóknir fyrir sjávarútveg og aðrar auðlindir	Öflugar rannsóknir eru forsenda skynsamlegrar og sjálfbærrar nýtingar á auðlindum lands og sjávar. Þrátt fyrir efnahagslægd – en ekki síður vegna hennar – ber að efla enn frekar rannsóknir á sviði umhverfis- og auðlindamála og standa vörð um rannsóknir á þróun sjálfbærra nýtingaraðferða. Bæta þarf rekstrarumhverfi sjálfstæðra rannsóknaraðila.

10	Stuðla að dreifbýlisstefnu í vegakerfinu	Enn vantar upp á að vegakerfið geti talist viðunandi m.t.t. byggðapróunar, atvinnulífs og samkeppnishæfni byggðarlaga til búsetu og atvinnuuppbyggingar. Áfram skal unnið að uppbyggingu samgöngukerfisins með áherslu á að forgangsroðun byggist á öryggi, umferðarþunga, hagkvæmni og gæðum.
11	Fleiri nýjar brýr og malbikaða vegi	Unnið verði áfram markvisst að fækkun malarvega og einbreiðra brúa á stofn- og tengivegum. Unnið verði að uppbyggingu stofnvega til og frá höfuðborgarsvæðinu m.t.t. umferðarþunga.
12	Auglýsa meira fyrir ferðamannaíðnaðinn	Stuðla skal að því að fjölga ferðmönnum sem koma til landsins utan háannatíma undir forystu atvinnugreinarinnar með stuðningi og samstarfi við opinbera aðila. Halda skal áfram á sömu braut með átakið „Ísland allt árið“.
13	Fleiri rannsóknir fyrir ferðamannaíðnað	Stórauka þarf framlag til rannsókna í ferðaþjónustu þannig að það sé sambærilegt við aðrar atvinnugreinar.
14	Tryggja fjárframlög frá ríkinu til að auglýsa ferðamannaíðnaðinn	Tryggja þarf með lögum að framlög til landkynningar og markaðsmála á fjárlögum skili sér beint til Íslandsstofu.
15	Meira fyrir ferðamannaíðnaðinn	Landsfundur leggur á það áherslu að kjörnir fulltrúar flokksins veiti ferðaþjónustunni þann stuðning sem hún þarf og verðskuldar að teknu tilliti til mikilvægis greinarinnar í gjaldeyrisöflun og fjölgun starfa um land allt.
16	Meira fyrir nýsköpun	Skilgreining nýsköpunar- og sprotafyrirtækja á vel við sem samnefnari þeirra fjölmörgu einkafyrirtækja sem starfa á þessum vettvangi. Það er því mikilvægt að hlúa vel að því umhverfi sem þau starfa í. Til að tryggja gott umhverfi er lagt til að:
17	Opinbera styrki fyrir nýsköpun	Þarfir fyrirtækjanna verði settar í fyrirrúm. Markmið með slíkri vinnu væri að auka arðsemi þeirra fjármuna sem opinberir aðilar leggja í stuðningskerfið.
18	Opinberir aðilar vinni meira af markaðsvinnu og hagtölugerð fyrir nýsköpun	Hagtölugerð bætt. Markviss úrvinnsla hagtölugagna; samhæfing gagnagrunna og gagnaöflunar.
19	Meira kynningarstarf erlendis fyrir nýsköpun	Auðveldlega má sjá fyrir sér sameiginlegt átak skapandi greina á erlendum mörkuðum undir yfirskriftinni Inspired by Icelandic Creative Industry.
20	Stofna kauphöll fyrir nýsköpun	Stofna ber kauphöll nýsköpunar- og sprotafyrirtækja þar sem fyrirtækjum gefst kostur á að afla sér fjármagns til lengri tíma auk þess sem markaðurinn fær að meta virði fyrirtækjanna.
21	Meira fyrir nýsköpun	Framkvæma skal klasaáætlun um betri þjónustu fyrir minna fé.
22	Fleiri námsgreinar í grunnskóla	Sjálfstæðisflokkurinn telur mikilvægt að bæta fjármálalæsi ungs fólks í gegnum skóla og heimili.
23	Meiri náttúruvernd og vernd fyrir menningarverðmæti	Stuðla ber að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, varðveislu náttúru- og menningarverðmæta og koma á í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

24	Meira námsframboð um allt land	Góð menntun, góðar samgöngur og fjarskipti eru eitt af megintækifærum landsbyggðarinnar til aukinna lífsgæða íbúanna. Því er brýnt að forsendur skapist fyrir fjölbreyttu námsframboði, jafnt með staðbundnu námi og fjarnámi.
25	Jafna stöðu fólks vegna búsetu	Sjálfstæðisflokkurinn skal beita sér fyrir mótun nýrrar byggðastefnu, þar sem leita skal þess markmiðs að jafna aðstöðu landsmanna varðandi atvinnurekstur, atvinnu og búsetu.
26	Jafna stöðu fólks vegna búsetu	Skoða skal þau ráð sem að næstu nágrannar Íslendinga sem búa við mikið misvægi í aðstöðu og búsetu og hafa svipaða samfélagsgerð svo sem Norðmenn hafa gripið til, ef vera kynni, að af þeim megi læra. Ber þar ekki síst að skoða stöðu þeirra sem búa á stöðum sem standa höllum fæti vegna bágra samgangna, skertrar opinberrar þjónustu, fjarlægðar frá mörkuðum og þess háttar.
27	Flytja opinbera starfsemi til að jafna stöðu fólks vegna búsetu	Gjöra skal betur en gert hefur verið í því efni að flytja starfsemi opinberra stofnana út á land eða einstök verkefni þeirra og koma nýjum stofnunum eða starfsemi fyrir annars staðar en í Reykjavík og nágrenni í því skyni að jafna umsvif ríkisvaldsins í landinu.
28	Meira af allskonar fyrir landsbyggðarfólk	Uppbygging efnahagslífs, virkjana- og stóriðjuframkvæmdir, framkvæmdir í samgöngum og stuðningur við nýsköpun treystir búsetuskilyrði í landinu. Jöfnunaraðgerðir, svo sem lækkun húshitunar-, raforku-, fjarskipta- og námskostnaðar, eru til þess fallnar að styrkja búsetu í dreifðum byggðum.
29	Betri vegi út um allt	Koma þarf öllum byggðarlögum í tengingu við hringveginn með bundnu slitlagi
30	Samgöngur skipulagðar til að skapa störf úti á landi	Landsfundur leggur áherslu á að hagkvæmni verði metin, einnig með tilliti til atvinnusköpunar.
31	Fleiri jarðgöng	Landsfundur vill að staðið verði við áætlun um jarðgöng í gildandi samgönguáætlun sem hefur verið samþykkt og hefjist framkvæmdir samkvæmt henni strax á næsta ári.
32	Fleiri nýjar brýr og malbikaða vegi	Landsfundur telur mikilvægt að ljúka við lagningu bundins slitlags á öllum meginleiðum innan fjögurra ára. Þá skal markvisst unnið að því að fækka malarvegum og einbreiðum brúm á stofn- og tengivegum.
33	Fleiri göngustíga, hjólreiðarstíga og reiðstíga	Uppbygging hjólreiða- göngu- og reiðstíga í og við þéttbýli þarf að vinna heildstætt.
34	Meiri aðgangsstýring og bætt öryggi að ferðamannastöðum	Landsfundur telur að setja verði fram áætlun um uppbyggingu og aðgengi að vinsælum svæðum með það að markmiði að ferðamenn geti skoðað landið á öruggan hátt.
35	Ríkið stuðli að vistænum orkugjöfum og meiri almenningssamgöngur	Sjálfstæðisflokkurinn vill að ýtt verði undir nýtingu vistvænna orkugjafa við samgöngur og telur að leita þurfi leiða til að efla almenningssamgöngur þar sem því verður við komið.
36	Meira fyrir sjóflutninga	Vegna landfræðilegrar legu Íslands verða samgöngur á sjó ætíð mikilvægur þáttur í samgöngum þjóðarinnar og vill landsfundur að vel verði að þeim staðið.

37	Meira fyrir landhelgisgæsluna	Standa þarf vörð um Landhelgisgæsluna og það mikilvæga starf er hún gegnir fyrir íslenska þjóð.
38	Niðurgreiða þeim sem þurfa að nota ferjur	Sjálfstæðisflokkurinn vill að ferjuleiðir verði skilgreindar sem hluti af þjóðvegakerfi Íslendinga og sem liður í eflingu ferðaþjónustunnar. Gjaldtöku og þjónustu ber að haga í samræmi við þá skilgreiningu.
39	Byggja nýja flugstöð	Flugvellingum skal því tryggð áframhaldandi aðstaða í Vatnsmýrinni og hið fyrsta skal hefjast handa við byggingu flugstöðvar.
40	Niðurgreiða flug til lítilla plássna	Landsfundur leggur áherslu á að innanlandsflug verði með svipuðu sniði og verið hefur og áfram verði stutt við flugleiðir til jaðarbyggða, þó þannig að hagkvæmni sé gætt í hvívetna.
41	Byggja upp fleiri flugvelli	Halda þarf áfram uppbyggingu flugvallanna í Reykjavík, á Akureyri og á Egilsstöðum og þróun þeirra sem varavellir Keflaíkurflugvallar og til eflingar á millilandaflugi. Rýmka þarf heimildir til að sinna millilandaflugi þar sem aðstæður leyfa á landsbyggðinni og auka þar með möguleika í ferðaþjónustu.
42	Meira fyrir almannavarnir og björgunarstarf	Landsfundur leggur áherslu á að bæta þurfi og hlúa að almannavörnum og björgunarstarfi á öllu landinu.
43	Fleiri rannsóknir fyrir umhverfis og auðlindamál	Efla þarf enn frekar rannsóknir á sviði umhverfis- og auðlindamála og bæta rekstrarumhverfi sjálfstæðra rannsóknaraðila.
44	Meiri skógrækt	Eitt mikilvægasta verkefni Íslendinga á sviði náttúruverndar er að stöðva gróður- og jarðvegseyðingu. Meðal anna með aukinni nýræktun skóga á landi þar sem gróðurþekju hefur hnignað.
45	Meira eftirlit með losun gróðurhúsalofttegunda og meiri skógrækt	Landsfundur telur brýnt að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, með því að draga úr beinni losun af mannavöldum og með aukinni bindingu í skógi og öðrum gróðri.
46	Meiri endurvinnslu	Mikilvægt er að minnka magn úrgangs sem þarf að urða með endurnýtingu og endurvinnslu.
47	Meira eftirlit með notkun umbúða og meiri peninga í sorphlokkun	Hvetja ber sveitarfélög til að taka upp aukna flokkun á sorpi þar sem hún er hagkvæm. Mikil verðmæti fara forgörðum við núverandi ástand, ekki síst það landrými sem urðunin krefst. Draga verður úr notkun óþarfa umbúða.
48	Meira fyrir þjóðkirkjuna	Sjálfstæðisflokkurinn vill standa vörð um þjóðkirkjuna í samræmi við stjórnarskrána.
49	Meira fyrir öll trúfélög	Landsfundur telur mikilvægt að ríkisvaldið standi full skil á félagsgjöldum (sóknargjöldum) þjóðkirkjunnar og Annarra trúfélaga.
50	Fleiri dómstóla	Landsfundur telur mikilvægt að komið sé á millidómsstigi, bæði í einka- og sakamálum til þess að tryggja réttlátari málsmeðferð.

51	Meira fyrir fangelsin í landinu	Bæta þarf stöðu fangelsismála. Landsfundur telur þó óskynsamlegt að ráðast í dýrar framkvæmdir til að reisa nýtt fangelsi. Eðlilegra væri að skoða hvort unnt sé að mæta aukinni þörf fyrir fangarými með því að byggja við og endurbæta þau fangelsi sem fyrir eru í landinu.
52	Meira fyrir unga afbrotamenn og andlega vanheila afbrotamenn	Efla þarf úrræði fyrir unga afbrotamenn. Þá þarf að finna leiðir til að hlúa sem best að andlega vanheilum afbrotamönnum.
53	Meira fyrir lögregluna og sérsveit	Efla þarf löggæslu í landinu, styrkja þarf sérsveitina
54	Meira fyrir tölvuvarnir og gegn skipulagðri glæpastarfsemi	Hlúa þarf að og byggja tryggja öryggisinnviði, t.a.m. tölvuvarnir og getu til að sporna gegn skipulagðri glæpastarfsemi.
55	Meira fyrir lögregluembættin um allt land	Gæta ber sérstaklega að því að viðhalda og styrkja lögregluembættin á landsbyggðinni og stjórn embætta verði ekki skert með skipulagsbreytingum eða Tilflutningi.
56	Meira fyrir landhelgisgæsluna	Mikilvægt er að Landhelgisgæslan hafi á hverjum tíma yfir að ráða nauðsynlegum tækja- og skipakosti til að geta sinnt lögbundnu hlutverki sínu.
57	Landhelgisgæslu út um allt land	Landsfundur hvetur til þess að tæki Landhelgisgæslunnar verði staðsett þar sem þeirra er þörf og áhersla lögð á að þau séu til staðar í hverjum landsfjórðungi.
58	Fleiri rannsóknir fyrir menntamál	Lögð er áhersla á mikilvægi rannsókna á sviði kennslu og náms, sem nýttar séu til framþróunar í skólasterfi.
59	Fleiri pólitískar námsgreinar í grunnskóla	Í lok grunnskóla er mikilvægt að undirbúa börn og unglinga frekar undir að verða þátttakendur í samfélaginu með kennslu um siðferði, réttindi og skyldur fólks í lýðræðisþjóðfélagi.
60	Meiri forvarnig og stuðning fyrir ungt fólk	Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á forvarnir og stuðning við ungt fólk, m.a. með náms- og starfsráðgjöf, til að sporna gegn brotthvarfi nemenda frá námi á síðari stigum grunnskóla og fyrri stigum framhaldsskóla.
61	Meira tungumálanám í grunnskóla	Hefja þarf kennslu í erlendum tungumálum í grunnskóla fyrr en nú er.
62	Meira raungreinanám í grunnskóla	Auka þarf áherslu á raungreinar í grunnskólanámi og hvetja til skapandi hugsunar.
63	Fleiri námsgreinar í grunnskóla	Nauðsynlegt er að styrkja kennslu um grunnatriði persónulegra fjármála.
64	Meira af tölvubúnaði í alla skóla	Lögð verði áhersla á að menntastofnanir nýti upplýsingatækni í allri menntun og að vinnubrögðum verði háttað eins og þau gerast best á hverjum tíma.
65	Eineltisáætlun í alla skóla	Skólar verði skyldugir til að framfylgja viðurkenndri eineltisáætlun.

66	Meira fyrir íþróttafélög og tómstundastarf	Sjálfstæðisflokkurinn leggur ríka áherslu á að öflugt íþrótt-, æskulýðs- og tómstundastarf sé stundað um land allt. Mikilvægt er að halda áfram að efla frjáls félagasamtök sem að því starfi standa.
67	Meira fyrir íþróttafélög og tómstundastarf	Ljóst er að íþrótt-, æskulýðs- og tómstundastarf hefur mikið forvarnargildi fyrir börn og ungmenni og í ljósi aðstæðna í þjóðfélaginu í dag er full ástæða til að efla þetta forvarnarstarf enn frekar.
68	Meira fyrir íþróttamenn	Mikilvægt er að efla stuðning ríkisvaldsins við sérsambönd og héraðs- og íþróttabandalög, ferðasjóð íþróttahreyfingarinnar og íþróttaslyssasjóð.
69	Meira fyrir íþróttamenn	Mikilvægt er að opinber stuðningur við afreksíþróttir í landinu verði eflur þannig að íslenskir afreksíþróttamenn geti keppt á alþjóðlegum vettvangi. Íslenskir afreksíþróttamenn gefa jákvæða mynd af landi og þjóð og í því felast mikil verðmæti.
70	Jafna stöðu sérhagsmunahópa	Leggja þarf áherslu á að jafnræðis sé gætt þegar fjárveitingum hins opinbera er úthlutað.
71	Meira skapandi nám	Skapandi nám þarf að efla á öllum skólastigum.
72	Meira af allskonar námi	Leggja þarf sérstaka áherslu á skapandi nám, verkmennta-, tækni- og raungreinar á öllum skólastigum.
73	Meira eftirlit með námi	Gæðamat á skólastarfi verði eflt með markvissum samanburði innanlands og við útlönd, með það að markmiði að greina hvar tækifæri til framfara eru hverju sinni.
74	Meira kynningarstarf fyrir verknám	Fræðslu og kynningu iðn-, verk- og starfsnáms.
75	Meira námsframboð um allt land	Starfsnám og bóknám, sérhæft og þverfaglegt, verði í boði í framhaldsskólum sem víðast um landið.
76	Meiri forvarnir og heilsurækt í öllum skólum	Forvarnir og heilsurækt verði eflur á öllum skólastigum.
77	Meira fyrir vísinda og fræðastörf háskóla	Mikilvægt er að stjórnkerfi háskólanna sé, skilvirkt og gegnsætt og að yfirvöld styðji við vísinda- og fræðastörf m.a. með greiðu aðgengi að fagritum.
78	Stóraukin framlög til rannsókna í atvinnulífi	Stjórnvöld eru hvött til að stórauka vægi rannsókn- og tækniþróunar í íslensku atvinnulífi og samræma aðgerðir hins opinbera og einkaaðila í nýsköpun á öllum sviðum þjóðlífsins.
79	Meiri opinber framlög til nýsköpunar	Skapað verði stuðningsumhverfi sprotafyrirtækja í gegnum öflugan samkeppnissjóð þar sem einkaaðilar fjárfesta í nýsköpun á móti hinu opinbera, meðal annars með „krónu á móti krónu“ fyrirkomulagi.
80	Meira fyrir nýbúa	Landsfundur leggur áherslu á að nýbúar hafi góð tækifæri og stuðning til að læra íslensku og kynna sér sögu og menningararf þjóðarinnar, því vald á tungumálinu og þekking á grunnstöðum þjóðfélagsins er mikilvægur þáttur í aðlögun að íslensku samfélagi.
81	Meira fyrir menningu og listir	Mikilvægt er að halda áfram að hlúa að lista- og menningarlífi þjóðarinnar og standa vörð um menningarstofnanir, sem margar hverjar búa að áratuga þekkingu og reynslu.

82	Opinber gögn verði gerð aðgengileg	Gögn og efni sem ríkisfjölmiðlar búa yfir verði gerð aðgengileg almenningi.
83	Meira fyrir listamenn	Lög um listamannalaun verði endurskoðuð, m.a. með það að markmiði að taka upp verkefnatengda listsköpunarsjóði.
84	Fleiri alþjóðlega samninga og meiri landvarnir	Sjálfstæðisflokkurinn telur það vera grundvöll utanríkisstefnu Íslands að treysta stöðu þjóðarinnar, stuðla að frjálsræði í viðskiptum, öflugri alþjóðasamvinnu og nauðsynlegum vörnum gegn utanaðkomandi ógnum.
85	Meiri afskipti á erlendri grundu	Í viðtæku samstarfi með öðrum þjóðum sé unnið að því að stuðla að friði, frelsi, lýðræði og mannréttindum í heiminum.
86	Fleiri fríverslunarsamninga	Vinna þarf markvisst að því að fjölga fríverslunarsamningum við önnur lönd.
87	Meira vegabréfaeftirlit	Leitast verði við að semja um sérlausnir í Schengen samstarfinu sem tryggi sérstöðu Íslands sem eyrakis, m.a. með undanþágum eða slökunum á niðurfellingu vegabréfaeftirlits innan svæðisins.
88	Meiri umsvif utanríkisþjónustu	Mikilvægt er að rækta gott samband Íslands við aðrar þjóðir, m.a. á vettvangi SP, og nýta hvert tækifæri til þess að efla hag þjóðarinnar og tala hennar máli á alþjóðavettvangi.
89	Meiri öryggisgæslu á norðurslóðum	Áríðandi er að Ísland efli öryggis- og hagsmunagæslu sína á norðurslóðum og taki mun virkari þátt í samstarfi þjóða um þau nýju tækifæri og áskoranir sem felast í bættu aðgengi að norðurslóðum.
90	Meira fyrir björgunarstarf og umhverfisslys	frekara samstarf þjóða um leitar- og björgunarstörf og viðbrögð við umhverfisslysum.
91	Meira erlent samstarf gegn skipulögðum glæpum	Sýna ber fulla árvekni til að sporna gegn alþjóðlegum hættum, s.s. hvers kyns hryðjuverkastarfsemi, ofbeldi öfgahópa, mansali, eiturlyfjasmygli og peningabætti, í nánú samstarfi við aðrar þjóðir, m.a. með eflingu samvinnu á vettvangi Öryggis- og samvinnustofnunnar Evrópu (ÖSE), sameiginlegs ráðs NATO og Rússlands, og svo Evrópuráðsins.
92	Meiri vinna gegn gereyðingarvopnum og vopnaeign	Vinna skal áfram gegn útbreiðslu gereyðingarvopna og styðja gerð alþjóðasamninga um vopnatakmarkanir.
93	Meira fyrir heilbrigðis og félagsþjónustu	Sjálfstæðisflokkurinn ítrekar fyrri ályktanir sínar um rétt allra landsmanna til fullkomustu heilbrigðis- og félagsþjónustu sem á hverjum tíma er tök á að veita.
94	Meira fyrir sjúkratryggingar íslands	Í íslensku samfélagi er eðlilegt og sjálfsagt að allir fái sömu tækifæri til samfélagsþátttöku með þeim stuðningi sem hver og einn þarf til þess. Samningar milli þjónustuveitenda og greiðenda byggist á faglegu mati á þjónustunni og kostnaðargreiningu. Til þess að ná þessum markmiðum verði Sjúkratryggingar Íslands eflar.
95	Fleiri sjúkraflugvélar	Sjúkraflutningar verði eflir, sérstaklega á landsbyggðinni t.d. með fleiri sjúkraflugvélum, þar sem því verður við komið.
96	Betri og öruggari samræmd sjúkraskrá	Rafræn sjúkraskrá verði samtengd á landsvísi og aðgengileg notendum og öllum heilbrigðisstarfsmönnum er veita einstaklingum heilbrigðisþjónustu með öryggi og gæði þjónustunnar að leiðarljósi. Leita þarf heimildar notenda þjónustunnar við skráningu og miðlun

		upplýsinga með reglubundnum hætti.
97	Eftirlit með áhrifum stjórnvaldsáðgerða á heilsu manna	Tekið verði upp lýðheilsumat þar sem metin eru bein og óbein áhrif tiltekinna áðgerða stjórnvalda, reglugerða, laga eða annarra stjórnsýsluákvæðana á lýðheilsu.
98	Neyslustýring í þágu heilsu og auknar forvarnir.	Stóraukna áherslu ber að leggja á forvarnir og heilsueflingu á öllum sviðum og stuðla að heilbrigðari lífsháttum. Brýnt er að auðvelda fólki að taka heilsusamlegar ákvarðanir. Sérstaka áherslu þarf að leggja á geðrækt, næringu og hreyfingu.
99	Meiri forvarnir og fræðslu um heilsu á öllum skólastigum	Námskrá leikskóla, grunnskóla og framhaldskóla hafi að geyma heilsustefnu þar sem hugað er að andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan nemenda og starfsmanna með heilsueflingu og forvörnum í samstarfi við foreldra- og nemendafélög. Heilsustefnan kynni góðar fyrirmyndir, aukna hreyfingu og neyslu hollrar fæðu. Forvarnafræðsla um tóbak og vímuefni verði eflað á öllum skólastigum.
100	Meiri heilsugæsla í skólum og meiri fræðslu	Heilsugæsla í skólum verði eflað og samræmd og starf barna við nám og störf í skóla verði skipulagt þannig í skólanámskrá að hreyfing og heilbriggt lífverni sé sett í öndvegi. Stuðla skal að aukinni fræðslu um hollt matarræði.
101	Betra aðgengi að heilbrigðisþjónustu, líka fyrir þá sem eru erlendis	Tryggja þarf aðgengi fyrir alla landsmenn, til dæmis með fjarheilbrigðisþjónustu og öruggum sjúkraflutningum. Fjarþjónusta getur einnig átt við um heilbrigðisþjónustu milli landa, þar sem Íslendingar eru ýmist veitendur eða þiggjendur.
102	Fjarheilbrigðisþjónusta út um allt	Fjarheilbrigðisþjónusta verði tekin upp með aðkomu allra heilbrigðisstétta og stefnt að því að hún geti verið í boði fyrir alla landsmenn.
103	Meira fyrir Landspítalan	Landsfundur telur mikilvægt að bæta aðstöðu Landspítalans.
104	Meiri tannlækningar fyrir börn	Skólað verði hvernig tryggja megja að fjölskyldur beri ekki kostnað vegna reglubundis eftirlits, lágmarks tannlækninga barna og að foreldrum fatlaðra og langveikra barna séu tryggðar umönnunabætur.
105	Meiri hjálpartæki fyrir þurfaði	Sjálfstæðisflokkurinn hafnar að einstaklingar greiði fyrir hjálpartæki hverskonar enda séu þau viðkomandi nauðsynleg.
106	Meiri endurhæfingu og starfsmenntun	Tryggja þarf einstaklingum, sem hafa skerta starfsorku eða hafa tímabundið horfið af vinnumarkaði, aðgang að fjölbreyttri starfsmenntun og endurhæfingu.
107	Styðja rekstur bifreiða hreyfihamlaðra	Bíllinn er nauðsynlegt hjálpartæki fyrir hreyfihamlaða og nauðsynlegt að endurskoða og efla aðkomu stjórnvalda þar að m.a. með tilliti til búsetu einstaklinga og heimilisaðstæðna.
108	Byggja upp fæðingarorlofsþjónuð	Fæðingarorlofsþjónuð verði byggður upp á ný. Tilgangur fæðingarorlofs er að stuðla að samvistum nýbakaðra foreldra við börn sín.
109	Fleiri þjónustuíbúðir	fleiri úrræði eins og skilgreindar öryggis- og þjónustuíbúðir, þar sem hjón geta verið undir sama þaki, þótt annað þeirra sé á hjúkrunarveild.

110	Meiri grunnlífeyri	Sú kjaraskerðing, sem eldri borgarar urðu fyrir 1. júlí 2009 verði afturkölluð, sem m.a. felst í því að aldraðir haldi óskertum grunnlífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins.
111	Meiri grunnlífeyri	Þeir, sem náð hafa 70 ára aldri, geti aflað sér atvinnutekna án þess að greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins skerðist.
112	Meiri grunnlífeyri	Ellilífeyrir sé leiðréttur til samræmis við þær hækkanir, sem orðið hafa á lægstu launum síðan í ársbyrjun 2009.
113	Meiri grunnlífeyri	Verðbótapáttur vaxta valdi ekki skerðingum hjá Tryggingastofnun ríkisins.
114	Meiri grunnlífeyri	Lögum um almannatryggingar verði breytt á þann veg, að aldraðir geti selt eignir sínar án þess að andvirði þeirra skerði greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins.
115	Fleiri heimsóknir til eldri borgara	Boðið verði uppá heilsuefandi heimsóknir fyrir 75 ára og eldri frá velferðarmiðstöð (þjónustumiðstöð/heilsugæslustöð) í nærumhverfinu.
116	Meiri ráðgjöf til eldri borgara	Ráðgjöf verði veitt um réttindi og þjónustu.
117	Meiri heimaþjónustu fyrir eldri borgara	Áhersla sé á að eldri borgarar geti búið sjálfstæðu lífi á eigin heimili sem lengst og fái þar þá þjónustu sem þörf er á.
118	Meira af þjónustu fyrir börn sem eiga fleiri en eitt heimili	Sjálfstæðisflokkurinn vill að almannatryggingakerfið taki mið af því að mörg börn eigi tvö heimili og aðstoð þurfi því að ná til beggja heimila.
119	Meira eftirlit með börnum	Fyrirbyggjandi barnavernd verði tryggð af ríki- og sveitarfélögum sem hluti af velferðarþjónustu við íbúana.
120	Fleiri aðgerðir vegna vímuefnaneyslu ungmenna og fleiri vistunarúrræði	Gerð verði ábyrg stefna um viðbrögð við aukinni vímuefnaneyslu ungmenna. Skortur á vistunarúrræðum er óviðunandi ástand sem bregðast þarf strax við.
121	Fleiri vistunarúrræði fyrir 17-19 ára unglunga	Vistunarúrræðum fyrir 17–19 ára ungmenni verði fjölgað.
122	Meiri jafnaðarmennsku	Sjálfstæðisflokkurinn vill að hæfileikar einstaklinga njóti sín óháð kynferði, aldri, trú, stöðu eða öðrum aðgreinandi þáttum. Efla þarf vilja og möguleika allra til að taka að sér ábyrgðarstörf og tryggja að laun séu ekki háð öðru en stöðunni sjálfri, auk getu og hæfni einstaklingsins.

LÆGRI ÚTGJÖLD:

	Stutta útgáfan	Tilvitnun í ályktun
1	Minna eftirlit með landbúnaði og matvælaframleiðslu	Sjálfstæðisflokkurinn lýsir miklum áhyggjum af vaxandi eftirlitsiðnaði í landbúnaði og matvælaframleiðslu með tilheyrandi skrifræði og kostnaði.
2	Minna af reglugerðum í ferðaþjónustu	Brýnt er að þrengja ekki að ferðaþjónustunni með íþyngjandi regluverki eða skattheimtu á yfirstandandi vaxtarskeiði atvinnugreinarinnar.
3	Gjaldtaka á vinsælum ferðamannastöðum	Unnt er að auka tekjur í ferðaþjónustu með gjalddöku að vinsælum ferðamannastöðum. Eðlileg gjaldtaka skal renna að stærstum hluta til sveitarfélaga enda sjái þau um uppbyggingu og viðhald ferðamannastaðanna.
4	Selja eignir sem valda kostnaði	Eignir skulu seldar til að lækka skuldir ríkisins en ekki til að fjármagna opinberan rekstur til skamms tíma. Þetta styrkir stöðu og trúverðugleika ríkissjóðs, lækkar vaxtaálag og því vaxtakostnað ásamt því að minnka áhættu.
5	Fækka nauðsynlegum leyfum hjá litlum fyrirtækjum.	Alltof kostnaðarsamt er fyrir lítil fyrirtæki að eiga við ótal leyfi, reglur og upplýsingagjöf. Þessu þarf að breyta.
6	Einkavæða vinnumálastofnun og atvinnuleysistryggingar.	Vinnumálastofnun og umsýsla tryggingagjalds skal flutt til aðila vinnumarkaðarins.
7	Sveitarfélög taki við verkefnum frá ríki	Mikilvægt er að sveitarfélögin taki ríkari þátt í efnahagsstjórn landsins, því nauðsynlegt er að ríki og sveitarfélög gangi í takt og virkt samráð sé haft um hagstjórn landsins. Þetta á sérstaklega við nú þegar sveitarfélögin taka að sér í æ ríkari mæli verkefni sem áður hafa verið á forræði ríkis.
8	Fleiri einkaframkvæmdir í samgöngumálum	Landsfundur telur að skoða megi sérstaklega möguleika á annars konar fjármögnun samgöngumannvirkja en beinna fjárframlaga af fjárlögum.
9	Einkarekstur náttúruperla og gjaldtaka.	Einkaframtakið reynist vel í náttúruvernd og það þarf að nýta frekar, til dæmis við rekstur þjóðgarða. Huga þarf vel að náttúruperlum landsins og heimila gjalddöku til að vernda og stýra aðgangi ferðamanna á viðkvæmum svæðum.
10	Spara fangelsisrými með samfélagsþjónustu og rafrænu eftirliti.	Auka þarf vægi samfélagsþjónustu og rafræns eftirlits í stað fullnustu refsinga í fangelsum.
11	Nýta sjálfbóðaliða í löggæslu.	skoða möguleika á að almenningur geti tekið þátt í varaliði lögreglu.
12	Aflétta einokun Námsgagnastofnunar á námsefni.	Fjármagn til kaupa og gerðar námsgagna fylgi skólum, sem ráðstafi fjármagninu að eigin vali og það sé ekki bundið kaupum efnis frá Námsgagnastofnun.

13	Einkaaðilar sinni nýsköpunarfyrirtækjum.	Einkaaðilum verði í auknum mæli falið að sinna stuðningi við nýsköpun og sjá um opinberan fjárstuðning við sprotafyrirtæki, sem fari fram með samkeppnis- eða útboðsfyrirkomulagi.
14	Góðgerðarsamtök nýtt til heilsueflingar og forvarna.	[Forvarnir og heilsuefling í heilsugæslu og sveitarfélögum verði eflað og]kraftar þriðja geirans nýttir þar sem frjáls félagasamtök og sjálfseignastofnanir vinna að forvörnum og bættri heilsu landsmanna.
15	Einkavæða í heilbrigðisgeira.	Sjálfstæðisflokkurinn vill auka samstarf um rekstur heilbrigðisþjónustu við sveitarfélög, félagasamtök, sjálfseignarstofnanir og einkaaðila.
16	Aukin samkeppni um þjónustu við eldri borgara	Ef eldri borgari þarf að flytjast af eigin heimili til hjúkrunar í þjónustuhúsnæði (hjúkrunarheimili), er gerður þjónustusamningur um kostnað vegna leigu á húsnæði (í samræmi við gæði þess), kaup á máltíðum, þrifum, þvottum o.s.frv. Notandi ber kostnað af lyfjum og hjúkrunarvörum með sama hætti og þegar hann/hún bjó heima.
17	Meiri gjaldtöku að háskólum	Miðað við stærð samfélagsins er fjöldi háskóla hérlendis orðinn mikill og ástæða er til að finna leiðir til hagræðingar. Veita á opinberum háskólum auknar heimildir til töku gjalda fyrir aðgang að námi.

Um höfund samantektar:

Viðar Freyr Guðmundsson er áhugamaður um stjórnsmál sem aðhyllist hugmyndafræði um lágmarksríkið. Hann er skráður í flest alla stjórnsmálaflokkana en hefur þó mest tekið þátt innan Sjálfstæðisflokksins m.a. á landsfundi 2011 þar sem mikið var rætt um meira af allskonar. Tölvupóstur: vidarfreyrgudmundsson@gmail.com